

## ***Um áramót:***

Áramót eru tímamót þar sem litið er yfir liðið ár og rifjað upp hvað það bar í skauti sér. Ekki er síður spennandi að horfa fram á veg og íhuga hvað nýtt ár ber í skauti sér.

Liðið ár, 2021, hefur að miklu leyti verið tíðindameira en mörg önnur liðin ár. Þar ber hæst covid-19 faraldurinn sem hefur haft svo mikil áhrif á okkur öll og heimsbyggðina alla.

Í byrjun ársins voru væntingar um að faraldurinn færi að fjara út, m.a. vegna tilkomu bólusetninga en annað hefur komið á daginn. Faraldurinn hefur stjórnað tilveru okkar meira en við hefðum viljað og meira en nokkur sá fyrir. Í faraldrinum má segja að samfélagið í Húnavatnshreppi hafi sloppið vel frá smitum. Starfsfólk skólanna okkar, nemendur og samfélagið allt hefur tekist á við þær áskoranir sem hafa fylgt faraldrinum með miklum sóma og æðruleysi og eiga skilið sérstakar þakkir fyrir vel unnin störf.

## ***Menningin***

Ýmis áform um menningarviðburði og viðburði almennt runnu að miklu leyti út í sandinn vegna covid-19. Þorablótum var aflýst og sama má segja um árshátíð Húnavallaskóla og bingó. Þá voru uppi áform um hreppahátíð og hafði átt sér stað töluverður undirbúningur fyrir hana en vegna covid-19 þurfti að fresta þeim áformum. Þrátt fyrir óskemmtilegan faraldurinn og takmarkanir sem honum fylgja tókst að halda ýmsa viðburði sem er mikilvægt.

## ***Framkvæmdir og skipulagsmál***

Miklar fjárfestingar og framkvæmdir voru á vegum Húnavatnshrepps á árinu 2021. Lokið var við uppbyggingu á nýjum gangnamannaskála á Grímstunguheiði. Haldið var áfram uppbyggingu við Þrístapa. Jafnframt var klárað viðhald við nátthaga við Undirfellsrétt. Enn fremur var haldið áfram að viðhalda Húnavallaskóla og má þar nefna að ráðskonuþbúð var endurnýjuð, klárað að skipta um glugga, svo eitthvað sé nefnt.

Endurbótum á Skólahúsinu, gamla skólahúsinu við Sveinsstaði verður framhaldið á árinu 2022, gaman væri að sjá það síðan í rekstri og umsjá Hollvina skólahúss (óstofnað) með sérstökum samningi við sveitarfélagið.

Vinna við nýtt aðalskipulag Húnavatnshrepps var frestað vegna sameiningarviðræðna og annara þátta. Þá er unnið að vinnslu deiliskipulags á nokkrum svæðum í sveitarfélaginu. Skipulags- og byggingarnefnd afgreiddi alls 34 mál á fundum sínum á árinu 2021. Nú um áramótin urðu þær breytingar að sérstakur skipulagsfulltrúi og sérstakur byggingarfulltrúi verða starfandi fyrir sveitarfélögin í Vestur og Austur Húnavatnssýslum.

### ***Atvinnulíf***

Eins og fram hefur komið hefur verið mikið um að vera í alls kyns uppbyggingu í Húnavatnshreppi á árinu og mikið að gera hjá iðnaðarmönnum og öðrum sem að þeim verkefnum koma.

En það er óveðursský yfir helstu atvinnuþáttum sveitarfélagsins, skapast það helst vegna þess að mikil óvissa er um framtíð sauðfjárræktunar, blóðmerahald og ferðaþjónustu. Hvað er hægt að gera? Það er nauðsynlegt að greina þarfir svæðisins á atvinnuuppbyggingu, hvort það sé fiskeldi á landi, framleiðsla á fullbúnum afurðum, framleiðsla á grænmeti, smá-

iðnað, afþreyingar tengdri ferðaþjónustu eða í raun hvað sem er sem eykur fjölbreytni í atvinnu. Það er orðið ljóst að ekki þýðir að biða eftir því hvað ríkið ætlar að gera, þess vegna er ágætt að hafa í huga orð Johns F. Kennedy „***þess vegna landar mínir, spyrjið ekki, hvað land yðar gert fyrir yður, spyrjið, hvað þér getið gert fyrir land yðar.***“

Eins og fram kemur í skýrslu um framtíðarsýn í ferðaþjónustu eru þar nefndir nokkrir þættir sem myndu gjörbreyta uppbyggingu sveitarfélagsins á sviði ferðaþjónustu. Má þar nefna viðbygginu við hótél Húna sem myndi skapa um 20 heilsársstörf við hótelið, uppbygging við Húnaver sem myndi skapa um 5 heilsársstörf. Um leið og slík uppbygging kemur þá verður til einstakur vettvangur fyrir afþreyingarfyrirtæki að þjónusta þessa kjarna, svo sem ferðir á hálendið (Hveravelli, Hofsjökul ofl.) báta- og sæpotuleigu á Svínavatni, veiði í gegnum ís, fjórhjólaferðir, hestaleigu, söguferðir, gönguferðir, fjallahjólreiðar, skíðaferðir, veitingarekstur, smásala svo eitthvað sé nefnt.

Við þurfum öll sem íbúar þessa sveitarfélags að hugsa út fyrir boxið og sjá hvað hægt er að gera til að búa til fjölbreytt atvinnulíf.

### ***Íbúar***

Íbúum Húnavatnshrepps fjölga stöðugt og nú í upphafi árs 2022 eru íbúarnir um 386 talsins og hefur fjölgað um 3,8% á árinu. Í könnun sem Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra lét vinna þar sem meðal annars var kannað hvernig íbúum líður og hvert viðhorf þeirra er til búsetu í sínum sveitarfélögum á Norðurlandi vestra kom m.a. fram að íbúar í Húnavatnshreppi eru almennt ánægðir með sitt sveitarfélag og búsetu í Húnavatnshreppi. Þessar niðurstöður eru ánægjulegar og eru í samræmi við markmið sveitarfélagsins um að veita sem mesta og besta þjónustu við íbúana og mun sveitarfélagið halda áfram á þeirri braut.

### ***Framtíðin***

Nú við áramót er ekki síður áhugavert að líta fram á næsta ár, 2022 og gera sér í hugarlund hvað það muni bera í skauti sér fyrir íbúa Húnavatnshrepps. Það er ljóst að uppbygging á atvinnutækifærum þarf að fara fram. Hugmyndir að raðhúsi við Steinholt til að styðja við frekari fjölgun íbúa en einnig áframhaldandi uppbygging íbúðahúsnæðis þar. Húnavatnshreppur mun halda áfram miklum fjárfestingum og framkvæmdum sem miða að því að innviðir sveitarfélagsins þjóni íbúum sínum sem best.

Þann 19. febrúar næstkomandi gefst íbúum sveitarfélagsins tækifæri á því að kjósa um sameiningu sveitarfélagsins við Blönduós. Ég hvet alla til að nýta sér kosningarétt sinn og taka þátt í þeim kosningum óháð afstöðu til málsins.

Þrátt fyrir erfiða stöðu í faraldri við áramót göngum við bjartsýn í mót nýju ári enda er full ástæða til að taka á móti árinu 2022 og þeim áskorunum sem bíða úrlausnar með tilhlökkun.

Ég óska íbúum Húnavatnshrepps, starfsfólki og sveitarstjórn farsældar á komandi ári með þökk fyrir ánægjulega samfylgd og samstarf á árinu 2021.

*Einar Kristján Jónsson*